



Termix VX - T24 snjóbræðslugrind

Tengigrind fyrir lokuð snjóbræðslukerfi

Notkun

Margir Íslendingar hafa komið fyrir snjóbræðslukerfi við íbúðarhús sín, og einnig eru víða snjóbræðslukerfi í stærri bílastæðum. Oftast eru snjóbræðslukerfin sett þannig upp að þau nýta síðustu hitaeiningarnar úr bakrás húshitakerfisins.

Þessi opnu kerfi geta verið viðkvæm gagnvart frostskeiddum, sérstaklega þau kerfi þar sem reiknað er með því að heitara vatni sé blætt inn á snjóbræðslukerfið þegar skyndilega kólnar í veðri. Frostskeiddir í snjóbræðslukerfum geta valdið miklum skemmdum sem kostnaðarsamt er að bæta.

VX-T24 tengigrindin frá Danfoss er sérstaklega hönnuð fyrir íslensk lokuð snjóbræðslukerfi. Tengigrindin nýtir bakrásarvatn hitakerfis hússins til að hita upp frostlögsblandað vatn sem rennur um lokað kerfi snjóbræðslunnar og er jafnframt búin blæðingu til aukinnar hitunar þegar kólnar í veðri.

Búnaður

VX T-24 tengigrindin er til í tveim mismunandi útfærslum og þremur afkastagetum. Önnur gerðin (sjá mynd hér að ofan) er með hefðbundnum AVTB hitastilli til blæðingar.

Hin útfærslan er með ECL stjórnstöð og mótorkoka. Þessi útfærsla er heldur dýrari, en með henni fæst mun nákvæmari hitastýring í kerfinu vegna þess að ECL stjórnstöðin stýrir með tilliti til útihita-stigs.

Sérstök athygli er vakin á því að Danfoss framleiðir margar gerðir af tengigrindum, t.d. sem aðeins eru fyrir heitt neysluvatn, snjóbræðslur, ofna- eða gólfhitun og grindur sem eru bæði fyrir neysluvatn og hitun í húsnæði af hvaða stærð og gerð sem er.



Efni

Öll rör og plötur í varmaskipti VX T-24 tengigrindarinnar eru úr ryðfríu stáli. Allar rötatengingar eru skrúfaðar og með völdum gæðapéttingum.

Þá er einnig hægt að fá snyrtilegan skáp úr hvítlökkuðu blíkki til þess að hylja grindina á veggnum (sjá mynd að ofan).

VX T-24 tengigrindin er, eins og allar tengigrindur frá Danfoss, afar auðveld í uppsetningu og notkun.


Helstu eiginleikar

- Minni hætta á frosttjónum
- Fæst með ECL stjórnstöð
- Góð nýtni á bakrásarvatni
- Vönduð vara úr ryðfríu efni
- Sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

VX - T24 snjóbræðslugrind



Tengimynd - dæmi




Tæknilýsing:

Vinnuþrýstingur:	PN 16
Hitastig veituvatns:	$T_{max} = 120\text{ °C}$
Lóðefni í varmaskipti:	Kopar
Þyngd með hlíf:	30 kg með umbúðum
Mál án hlífar:	H 750 x B 500 x D 360
Mál með hlíf:	H 800 x B 540 x D 430
Efni í hlíf:	Hvítlakkað blikk
Stjórnun blæðingar:	AVTB 0 - 30 °C
Varmaskiptir í 10 kW:	XB24-1 24 með einangrun
Varmaskiptir í 20 kW:	XB24-1 40 með einangrun
Varmaskiptir í 30 kW:	XB24-1 60 með einangrun
Varmaskiptir í 50 kW:	XB36-1 50 með einangrun
Hringrásardæla fyrir 10 og 20 kW:	Grundfos UPS 15 x 60 130
Hringrásardæla fyrir 30 og 50 kW:	Grundfos UPS 25 x 80 180

Stærðir tenginga:

Frárennsli hitakerfis (framrás) (1)	20 mm hlaupró
Frárennsli hitakerfis (bakrás) (2)	20 mm hlaupró
Hringrás frostlögur (framrás) (3)	20 mm hlaupró
Hringrás frostlögur (bakrás) (4)	20 mm hlaupró
Hitaveita innspýting (5)	20 mm hlaupró



Málsetning á tengingum séð ofan frá

Nánari upplýsingar um stjórnbúnað er að finna á

hitasiðu Danfoss <http://hiti.danfoss.is/>

Hitakerfi afköst

Gerð tengigrindar	Afköst kW	Hlið 1 frárennsli °C	Hlið 2 hringrás °C	Hlið 1 þrýstifall kPa
IS99501040 VX T-24	10	35 / 20	30 / 15	10
IS99501050 VX T-24	20	35 / 20	30 / 15	10
IS99501060 VX T-24	30	35 / 20	30 / 15	10
IS99501080 VX T-24	50	36 / 21	30 / 15	10

Danfoss hf • Skútuvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími 510 4100 • www.danfoss.is

Danfoss hf tekur ekki ábyrgð á hugsanlegum villum í bæklingum eða öðru prentuðu máli. Danfoss áskilur sér allan rétt til breytinga á framleiðslu sinni, án undangenginnar viðvörunar, þar á meðal á vörum sem eru í þöntun, svo framarlega sem það veldur ekki breytingum á umsömdum gildum. Öll vörumerki í tæknilyðingunum tilheyra viðkomandi fyrirtækjum. Danfoss nafnið og Danfoss vörumerkið eru eign Danfoss A/S. Öll réttindi áskilin.